

MYNDLISTIN

Sigurður Guðmundsson

opnar sýningu á grafík og vatns-litamyndum í Gallerí Svart á hvítu í kvöld kl. 20. Opið alla daga nema mánudaga 14-18 til 15. mars.

Hringur Jóhannesson hefur opnað sýningu á olíumálverkum, teikningum og krítarmyndum í Gallerí Borg við Austurvöll. Opið laugard. og sunnud. 14-18, mánudaga 12-18 og aðra daga 10-18.

„Andlit“ nefnist sýning á skúlp-túrverkum, sem **Sverrir Ólafsson** myndhöggvari opnar í Gallerí Grjót við Skólavörðustíg í dag kl. 18. Á sýningunni eru andlitssgrímur unnar í málað stál, brons og pottjárn. Verkin eru öll unnin á þessu ári og hinu síðasta, og eru til sölu. Þetta er 4. einkasýning Sverris, en auk þess hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis. Opið 12-18 virka daga en 14-18 um helgar. Með sýningu á verkum Sverris er Gallerí Grjót að kynna nýjan samstarfsaðila að rekstrinum.

Sigurður Eypórsen

listmálari sýnir olíumálverk, eggtemperamyndir, rauðkrítarmyndir, portret og teikningar í Gallerí Gangskör, Amtmannsstíg 1 (Torfunni). Opið virka daga 12-18 en 14-18 um helgar til 15. mars. Sigurður beitir gjarnan aðferðum 15. og 16. aldar málara við gerð mynda sinna, sem bera yfirbragð gamallar listar.

Ingiberg Magnússon sýnir 20 blýantsteikningar í húsakynnum Bókasafns Kópavogs. Myndirnar eru skreytingar sem hann gerði við sýnisbók íslenskra bókmennta, „Rætur“.

Póra Sigurðardóttir sýnir um 40 myndir á Mokka-kaffi við Skólavörðustíg. Opið daglega til 23.30.

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað í listasafni ASÍ. Opið daglega kl. 14-18 nema sunnud., 14-20. Sýningin stendur til 15. mars.

Myndlistarmenn framtíðarinnar nefnist samsýning um 70 ungra íslenskra listamanna, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Sýningin er skipulögð af IBM á Íslandi í tilefni 20 ára afmælis fyrirtækisins. Sýningin er sölu-sýning, og eru ráðgjafar frá Gallerí Borg á staðnum. Ókeypis aðgangur. Síðasta sýningarhelgi.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3b, sýnir verk eftir þau **Helga Valgeirsson**, **Guðrúnu Láru Halldórsdóttur** og **Kristín Guðbrand Harðarson**. Þau Guðrún Lára og Helgi sýna olíumálverk, en Kristinn sýnir dúkrustur. Opið 14-20 um helgar en 16-20 virka daga. Síðasta sýningarhelgi.

Norræn ljósmyndalist nefnist sýning á verkum norrænnar ljósmyndara, sem opnað var í anddyri Norræna hússins í gær. Sýningin er til komin að frumkvæði Ljósmyndasafns Menningarmiðstöðvarinnar í Óðinsvéum.

Pétur Stefánsson og G.R. Lúðvíksson opna myndlistarsýningu í Akógos-húsinu í Vestmannaeyjum í kvöld kl. 20. Á sýningunni eru teikningar og olíumálverk, og verður hún opnuð með viðhöfn og blæstri 70 lúðrablása. Leikin verða lög sem til-einkuð eru þeim Ása í Bæ og Sigurði Reimarssyni, og lesin verða ljóð eftir Magnús Jóhannsson frá Hafnarnesi. Þá verða flutt 3 ný og frumsamin þjóðhátallög. Sýningin verður opin á föstud. til 22.30, á laugard. 14-22 og sunnudag 14-22.

Áslaug Sverrisdóttir sýnir textilverk úr handspunnu togi í Gallerí Hallgerði, Bókhöfustíg 2. Síðasta sýningarhelgi.

Listasafn Íslands sýnir ný-keypt verk og eldri verk í eigu safnsins. Opið þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. kl. 13.30-16.

Ljósbrót nefnist ljósmyndasýning framhaldsskólanema, sem nú stendur yfir í Ásmundarsal. Síðasta sýningarhelgi.

Ásgrímssafn hefur opnað skólasýningu á verkum Ásgríms,

þar sem leitast er við að sýna sem mesta fjölbreytni í verkum málara. Á vinnustofunni eru vatns-litamyndir, sem hafa árstíðirnar að meginþema. Í íbúð málara á neðri hæð eru þjóðsagnamyndir sýndar. Rákel Pétursdóttir sér um kynningu verkanna. Sýningin er opin sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30-16 og tekið er á móti þöntunum fyrir heim-sóknir í síma 10665.

Gallerí Íslensk list, Vesturgötu 17, sýnir verk eftir þá Braga Ásgeirsson, Einar Þorláksson, Halstein Austmann, Jóhannes Jóhannesson, Valtý Pétursson, Kristján Pétursson, Kjartan Guðjónsson, Vilhjálm Bergsson og Guðmund Benediktsson. Opið 9-17 virka daga.

KEX í Kulturhuset. Nú stendur yfir samsýning ungra listamanna frá Noregi og Íslandi í Kulturhuset í Stokkhólm. Alls taka 12 ungir íslenskir listamenn þátt í sýningunni, og er hún liður í fyrirhuguðum skiptisýningum á milli Noregs, Svíþjóðar og Íslands.

Lumières du Nord, La peinture scandinave 1885-1905, nefnist sýning sem nú stendur yfir í Musée du petit Palais í París. Á sýningunni eru 150 verk eftir norræna listamenn, og stendur hún til 17 maí.

Gallerí Langbrók við Bókhöfustíg sýnir textíl, tauprykk, myndverk, fatnað og listmuni. Opið þriðjud. - föstud. 12-18 og laugard. 11-14.

Íslenska óperan sýnir verk eftir 50 íslenska listamenn, sem gefin voru til styrktar óperunni.

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit

æskunnar undir stjórn Paul Zukofsky heldur tónleika í Háskólabíó á laugardag kl. 14. Á dagskrá eru Sheherezade eftir Rimsky Korsakof og Tabuh-Tabuhan eftir Collin McPhee.

Háskólatónleikar verða í Norræna húsinu á miðvikudag kl. 12.30. Elísabet Erlingsdóttir sópran og Selma Guðmundsdóttir pí-anóleikari flytja verk eftir Grieg og Mahler.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið sýnir **Aurasálina** eftir Molière í kvöld og nk. fimmtudag. Sýningum fer nú fækkandi. Gamanleikurinn **Hallæristenór** eftir Ken Ludwig verður sýndur á laugardag kl. 20. Fjöl-skylduleikritið **Ryma á rusla-haugnum** eftir Herdísi Egilsdóttur verður sýnt á laugardag og sunnudag kl. 15. **Uppreisn á Ísafirði** eftir Ragnar Arnalds verður sýnd á sunnudag kl. 20.

Litla sviðið, Lindargötu 7, sýnir í **smásjá** eftir Þórunni Sigurðardóttur á laugardag kl. 20.30. Verðlaunaeinþáttungarnir **Gættu þín!** eftir Kristínu Bjarnadóttur og **Draumar á hvolfi** eftir Kristínu Ómarsdóttur á sunnudag kl. 20.30.

Leikfélagið sýnir **Land míns föður** eftir Kjartan Ragnarsson á föstudag og sunnudag kl. 20.30. **Dagur vonar** eftir Birgi Sigurðsson á laugardag og miðvikud. 11./3. kl. 20.00.

Leikskemma L.R. við Meistaravelli sýnir **Djöflaeyjuna**, leikgerð Kjartans Ragnarssonar á skáldsögum Einars Káasonar á laugarag, þriðjudag, miðvikud. og föstud. í næstu viku kl. 20.00. Miðapantanir s. 16620, borðpantanir á veitingahúsi s. 14640.

Leikhúsið í kirkjunni sýnir **Leikritið um Kaj Munk** eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur í Hallgrímskirkju á sunnud. kl. 16 og mánud. kl. 20.30.

Nemendaleikhúsið heldur aukasýningu á gamanleiknum **Prettándakvöld** eftir William Shakespeare í Lindarbæ á föstud. og laugard. kl. 20.30.

Herranótt: Leikfélag MR sýnir **Rómeó og Júlíu** eftir William Shakespeare í Félagsstofnun stúdenta í kvöld kl. 20.

Leikfélag MH sýnir leikritið „Hólpín“ eftir Edward Bond í Menntaskólanum við Hamrahlíð

UM HELGINA



Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað í Listasafni ASÍ um þessar mundir.

á sunnudag, mánudag og þriðjudag kl. 20.

Íslenska óperan sýnir **Aidu** eftir Giuseppe Verdi í kvöld og á sunnudag kl. 20. Pantanir í síma 11475.

Laugardaginn 14. mars mun **Gamanleikhúsið** frumsýna leikritið **Brauðsteikin og tertan** eftir Hugh Chesterman á Galdra-loftinu, Hafnarstræti 9. Leikritið gerist í París á 15. öld, og fjallar um flækinga og bellibróðir þeirra. Þátttakendur í leiknum eru 20 talsins en aðalhlutverkin eru leikin af Magnúsi Geir Þórðarsyni, Tryggva Birni Davíðssyni, Hallgrími Sævarssyni og Ingu Freyju Arnardóttur. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson. Eftir leiksýninguna verður farið í skemmtilega leiki með áhorfendum.

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðfirði, sýnir gamanleikinn „**Allir í verkfall!**“ eftir Duncan Greenwood á laugardag í Vala-skjál á Egilsstöðum, á sunnudag í Félagslundi á Reyðarfirði og fimmtudaginn 12. mars í Egilsbúð á Neskaupsstað. Í leikritinu koma fram 9 leikarar, en leikstjóri er Sigurgeir Scheving. Sýningar hefjast kl. 21.

Leikkúbbur Skagastrandar frumsýnir leikritið „**Síldin kemur og síldin fer**“ eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur í félagsheimilinu Fellsborg á Skagast-rönd á laugardag kl. 21. Leikstjóri er Þróstur Guðbjartsson, en leikendur eru 26 og alls starfa um 35 manns að sýningunni. Fleiri sýningar eru fyrirhugaðar á Skagaströnd og í nágrennibyggðunum.

HITT OG PETTA

Kvenfélag Kópavogs heldur aðalfund sinn í félagsheimilinu miðvikud. 12. mars kl. 20.30 Félagsvist verður á sama stað á mánudag kl. 20.30.

Færeyska sjómannaheimilið, Brautarholti 29, heldur basar á sunnudag kl. 14. Handþrjónaðar peysur og heimabakaðar tertur á boðstólnum.

Dostoévkí hjá Mír. Kvikmyndin „26 dagar í lífi Dostoévkí“ verður endursýnd á sunnudag kl. 16 í bíósal Mír, Vatnsstíg 10, vegna mikillar aðsóknar. Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8 í Hafnarfirði hefur síðustu sýningar frá gufuskipatímabilinu um þessa helgi og þá næstu. Eftir það verður safninu lokað

leikþættir og fjöldsöngur. Kynnir verður Sólvieg Hauksdóttir. Fundurinn hefst kl. 14.

Lionessklúbburinn Eir gengst fyrir frumsýningu á kvikmyndinni „**The Mission**“

–Trúboðsstöðin– í Háskólabíó á laugardag kl. 17. Aður en sýning myndarinnar hefst mun karlakórinn Stefni úr Mosfellsveit syngja fyrir sýningargesti. Lionessklúbburinn Eir hefur helgað sig baráttunni gegn fíkniefnabölinu, og mun öllum ágóða af sýningu myndarinnar verða varið til þeirrar baráttu. Kvikmyndin „The Mission“ gerist í S-Ameríku árið 1750, en leikstjóri er Roland Joffe, sem einnig gerði stórmyndina „The Killing Fields“ og eru aðalhlutverkin í höndum þeirra Robert de Niro og Jeremy Iron.

Hana nú! Vikuleg laugar-dagsgangur frístundahópsins verður frá Digranesvegi 12 kl. 10.00.

Bókmenntadagskrá 8. mars: „**Hreingerning, þvottur, verk-smíðjuvinna, væri það efni í brag?**“ er yfirskrift samfelldrar bókmenntadagskrár sem Borgarbókasafnið og Menningarmiðstöðin í Gerðubergi gangast fyrir á sunnudag í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna. Dagskráin hefst kl. 14, og verður samfelldur upplestur í ljóðum og lausu máli, þar sem yrkisefnið er störf kvenna eins og þeim er lýst í íslenskum fagurbókmenntum allt frá Eddukvæðum til okkar daga. Menningarmiðstöðin að Gerðubergi minnist einnig 4 ára afmælis síns á þessum degi, svo og Borgarbókasafnsútibúði í Gerðubergi, sem var opnað fyrir réttu ári. Umsjónarmenn dagskrárinnar verða Ragnhildur Richter og Sigurrós Erlingsdóttir.

Allir eru velkomnir, aðgangur er ókeypis og hægt er að taka leið 13 frá Lækjartorgi 5 mínútum fyrir heilan og hálfan tíma.

Útivist fer gönguferð um **Miðdalsheiði** frá Náthagavatni um Selvatn, Helgufjörn og Myrkur-fjörn að Hafnaratni. Álfaborg skoðuð. Verð 500 kr. Brottför frá BSÍ kl. 13.

Ferðafélagið fer í skíðagöngu í **Bláfjöll** og á heiðina á sunnudag kl. 10.30. Verð kr. 500. Kl. 13 sama dag: **Þorlákshöfn** og ströndin í Hafnarnes og Flesjar. Lítt gönguferð við allra hæfi.



AUGLÝSING um deiliskipulag í Hafnarfirði

Samkvæmt ákvörðun skipulagsstjórnar ríkisins með vísan til 17. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi í Hafnarfirði (**Lækjargata undir Hamarsrótum**). Tillagan er gerð um víkkun Lækjargötu, gerð aðkomugötu á baklóðir milli Öldugötu og Brekkugötu og breytingu á lóðaskipan.

Tillagan ásamt greinargerð liggur frammi á skrifstofu bæjarverkfræðings, Strandgötu 6, Hafnarfirði, frá 6. mars til 22. apríl 1987.

Athugasemdum við skipulagstillöguna skal skila til bæjarstjórnar í Hafnarfirði fyrir 7. maí 1987 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Hafnarfirði, 5. mars 1987.

Skipulagsstjóri ríkisins. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Aðalfundur

Íþróttafélagið Fylkir heldur aðalfund sinn 12. mars nk. kl. 20.30 í félagsheimilinu við Fylkisveg.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

Stjórnin.

Ath. Árshátíð félagsins verður haldin í Áttahagsal Hótelis Sögu 21. mars nk. kl. 19. Nánar auglýst í dreifibréfi. Upplýsingar gefur Lúðvík í síma 687550 á daginn og 72747 á kvöldin. Íþróttafélagið Fylkir.